# Fundargerð

## Íþrótta- og tómstundanefnd - 269. fundur

haldinn í Lóninu Linnetsstíg 3,
25. apríl 2018 og hófst hann kl. 08:15.

**Fundinn sátu:**
Karólína Helga Símonardóttir aðalmaður
Guðbjörg Oddný Jónasdóttir aðalmaður
Ægir Örn Sigurgeirsson varamaður
Elísabet Ólafsdóttir áheyrnarfulltrúi

**Fundargerð ritaði:** Geir Bjarnason, .

Stefán Örn Gunnlaugsson sat fundinn fyrir hönd Foreldraráðs Hafnarfjarðar og Birta Guðný Árnadóttir fulltrúi Ungmennaráðs Hafnarfjarðar sat fundinn og kynnti fundargerðir ráðsins.

**Dagskrá:**

### 2. 1801552 - Þjóðhátíðardagurinn 2018

Andri Ómarsson verkefnastjóri mætti á fundinn og ræddi um kynningarmál og hátíðarhöldin.

Farið yfir stöðu verkefnisins.

### 4. 1804290 - Bæjarráð, styrkur, bátakaup, umsókn

Siglingaklúbburinn Þytur leggur fram ósk um stuðning Hafnarfjarðabæjar vegna bátakaupa.

*Búnaðarkaup og óskir fara í ákveðið ferli.*

*Íþróttafulltrúi skal vinna með félaginu leið til að fjölga bátum félagsins.*

### 5. 1411359 - Ásvellir, starfshópur v/uppbyggingar 2015

Starfshópur um uppbyggingju Ásvalla hefur hætt störfum þegar nýi salurinn var afhendur Hafnarfjarðarbæ þann 12. apríl en í kjölfarið afhendi Hafnarfjarðarbær Haukum húsið til rekstrar.

Vinnu gengur vel innanhúss og eru örfá frágangsmál ólokin en utanhússvinna lýkur á næstu vikum.

*Íþrótta- og tómstundanefnd óskar Hafnfirðingum til hamingju með vel heppnað íþróttahús.*

### 7. 1804389 - Breytingar á Andrasal

Lagt fram bréf Dansíþróttafélags Hafnarfjarðar varðandi Andrasal í Bjarkahúsinu.

*Íþróttafulltrúa falið að vinna áfram að málinu með málsaðilum.*

### 8. 1804411 - Afnot af Hamranesvelli fyrir bogfimi

Lagt fram bréf frá Sveini Stefánssyni þar sem hann fjallar um hvort bogfimimenn

geti fengið fasta aðstöðu á Hamranesvelli og veltir því upp hvort ekki eigi að vera til bogfimifélag í Hafnarfirði.

*Bent er á að hægt sé að stofna bogfimifélag í Hafnarfirði, það er ekki hlutverk nefndarinnar en bent er á að ÍBH getur veitt leiðbeiningar.*

*Ekki er hægt að festa fasta aðstöðu fyrir bogfimimenn á svæðinu á meðan félagið er ekki hluti af ÍBH.*

**1. 1510105 - ÍBH, fundargerð**

Framkvæmdastjóri ÍBH kynnti síðustu fundargerð stjórnar ÍBH.

*Nefndin fagnar framlagi Íþróttabandalagsins á vel heppnuðum Björtum dögum í Hafnarfirði þar sem fjölbreytt íþróttastarf var kynnt bæjarbúum.*

**3. 1509776 - Ungmennaráð, fundargerð**

Birta kynnti 136. fundargerð UMH og lagði fram leiðrétta fundargerð nr. 135.

**6. 1712172 - Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins, fundargerðir 2017-2018**

Lögð fram fundargerð skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins nr. 366.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10:00.**

**Karólína Helga Símonardóttir (sign)**
**Ægir Örn Sigurgeirsson (sign)**

**Guðbjörg Oddný Jónasdóttir (sign)**
**Elísabet Ólafsdóttir (sign)**